



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068  
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Hafnarfjarðarbær  
B.t. bæjarstjóra  
Strandgötu 6  
220 HAFNARFIRÐI

Reykjavík 9. júlí 2018  
Tilv.: MMR17010262/6.14.1-

Efni: Eftirfylgni með úttekt á leikskólanum Hvammi lokið

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Menntamálastofnun að gera úttekt á leikskólanum Hvammi í Hafnarfirði haustið 2016. Úttektin var gerð á grundvelli 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og var markmiðið að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Skýrslu um úttektina var skilað til ráðuneytisins í janúar 2017. Í kjölfar skýrslunnar sendi ráðuneytið sveitarfélaginu bréf með óskum um umbætur dags. 17. febrúar 2017. Svarbréf frá sveitarfélaginu barst ráðuneytinu dags. 1. ágúst 2017.

Ráðuneytið sendi sveitarfélaginu bréf dags. 5. júní 2018 með beiðni um upplýsingar um hvernig hafi gengið að framfylgja þeim umbótum sem fram koma í umbótaáætlun frá ágúst 2017.

Svarbréf sveitarfélagsins með upplýsingum um framgang umbóta og staðfestingu á að umbótum í kjölfar úttektar væri lokið barst ráðuneytinu dags. 3. júlí 2018.

Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar og telur að sveitarfélagið hafi gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar úttektar ráðuneytisins. Málinu er hér með lokið að hálfu ráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra

  
Hellen Gunnarsdóttir

  
Sunna Viðarsdóttir

Ljósrit: Leikskólastjóri og foreldraráð Leikskólans Hvamms og skólanefnd Hafnarfjarðarbæjar